

Fundargerð skólaráðs Stekkjaskóla

6. fundur skólaráðs Stekkjaskóla, mánudaginn 22. janúar 2024 kl. 8:15. Haldinn í fundarherbergi 1.

Mætt: Hilmar Björgvinsson skólastjóri, Kristín Bergmann og María Ósk Ólafsdóttir fulltrúar kennara, Soffía Magnúsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Arnar Páll Gíslason og Smári Hallgrímsson fulltrúar foreldra, Ragna Fanney Róbertsdóttir og Stefán Darri Jóhannsson fulltrúar nemenda. Laufey Ósk Magnúsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins boðaði forföll og sömuleiðis hennar varamaður.

Fundargerð: María Ósk Ólafsdóttir

1. Fjárhagsáætlun 2024

Hilmar kynnti fjárhagsáætlun ársins 2024 og sköpuðust góðar umræður um hana. Hilmar sagði frá ráðningarlíkaninu og frá þremur nýjum stöðum sem er verið að ráða í vegna fjölgunar nemenda í Stekkjaskóla.

2. Matsskýrsla innra mats 2021-2022

Matsskýrslan kynnt og farið aðeins yfir þau matstæki sem eru notuð, einnig var farið yfir umbótaáætlunina og það sem í henni er. Sumt í umbótaáætluninni hefur nú þegar verið hrint í framkvæmt og annað verður unnið í vetur. Umræður um jákvæðan aga, bekkjarfundi og góð samskipti.

3. Skólalóðin - starfsmannakönnun maí 2023

Niðurstöður kynntar. Allir sátir með að unnið sé með niðurstöðurnar og rýnt sé í þær. Matsteymi skólans mun vinna umbótaáætlunina að þessu sinni því ekki gafst tækifæri til þess síðastliðið vor vegna anna við flutninga o.fl. Næsta vor verður kaffihúsafundur um innra mat skólans þar sem nemenda- og foreldrafulltrúum verður boðið að taka þátt. Þá verður unnið með kannanir vetrarins; foreldrakönnun sem verður lögð fyrir í febrúar og nemendakönnun sem verður lögð fyrir nemendum í 6.b í apríl.

4. Reglur um skólahverfi í sveitarfélaginu

Nýjar reglur kynntar. Þær má finna á heimasíðu Árborgar og fara jafnframt inn á heimasíðu skólans.

5. Reglur um sérdeild Sunnulækjarskóla

Nýjar reglur um sérdeildina kynntar en sérdeildin hét áður sérdeild Suðurlands.

6. Skólalóð 2. áfangi

Nú er í gangi hönnunarvinna vegna skólalóðar sem fylgir 2. áfanga skólabyggingar. Sá áfangi verður tilbúinn um svipað leyti og 2. áfangi skólabyggingarinnar. Skólaráðsfulltrúar rýndu í teikningarnar.

Ekki er gert ráð fyrir að ljúka við 3. áfanga skólalóðarinnar í sumar. Nemendafulltrúar í skólaráði komu fram með hugmynd á síðasta skólaráðsfundi að fá skólahreystivöll á skólalóðina. Fulltrúar í skólaráði taka undir þessa frábæru hugmynd og leggja til að settur

verður upp skólahreystivöllur í 3. áfanga skólalóðarinnar þar sem vellirnir þrír eru staðsettir í áfanga 3. Samþykkt að skólaráð sendi erindi til sveitarstjórnar/bæjarráðs þar sem við styðjum þessa ósk nemenda um skólahreystivöll.

Á síðasta fundi komu fulltrúar nemenda með þá ábendingu að hafa grindverk í kringum fótoltavöllinn. Umræða skapaðist um hvernig girðingar væru bestar utan um skólavellina og hvar væri best að hafa vellina upp á hvernig skólalóðin nýtist sem best og að lóðin sé hlýleg og skemmtileg.

Einnig nefndu þeir að það vantar rólur sem henta betur eldri nemendum. Gera þarf ráð fyrir því hvar pönnuvöllurinn verður endanlega, núverandi staðsetning ekki alveg nógu góð.

Umræða skapaðist um útidyrhurðina sem allir nemendur fara út um í frímínútur. Það er ekki gott að vera bara með eina hurð, það eru of margir nemendur að fara inn og út í einu og litlu börnin geta lent undir. Hilmar ætlar að skoða nýju teikningarnar með þetta í huga.

7. Endurskinsmerkjadagarnir í desember

Umræður um endurskinsmerkjadagana sem voru haldnir í desember að frumkvæði nemenda. Nauðsynlegt að ræða hvað það er mikilvægt að nota endurskinsmerki, hafa fræðslu og sýna myndbönd um mikilvægi notkunar endurskinsmerkja, þegar byrjar að rökva að hausti okt/nóv.

Næsti fundur fimmtudaginn 14. mars kl. 14:00

Fundi slitið kl. 9:35

MÓÓ/HB